

Erlendis

Milljónir á götunni

Fríðarhreyfing, hvað er nú það? Jú, það er milljón manns í Central Park, kvartmilljón í Hyde Park og Bonn, hundrad þúsund í París og óeirðir í Vestur-Berlín. Og miklu, miklu meira. Svo miklu meira, að þótt Mogginn bæti alltaf „svonefnd“ framán við orðið þá sjáldan hann nefnir fríðarhreyfinguna, þá hefur þessi hreyfing verið plássfrekt um fjöllum á síðum allra heimsblada, hvort sem þau flokkast til hægri eða vinstri. Og þau taka hana alvarlega.

Það gera líka æ fleiri stjórnmálamenn, sem sést glögg á ræðuhöldum á afvopnunararráðstefnu þeirri sem Sameinuðu þjóðirnar halda þessa dagana í New York. Þar hafa helstu leiðtogar heimsins stigið í stólinn og allir hafa talið nauðsynlegt að víkja orði að fríðarhreyfingunni; Helmut Schmidt, Ronald Reagan, Trudeau, o.s.frv. Edward Kennedy hefur þegar tekið nokkur af stefnumálum hreyfingarinnar upp á sína arma og þau njóta vaxandi fylgis innan Demókratafloksins í Bandaríkjunum. Sumir telja þau verða eitt helsta kosningamálið í haust.

Ótti við átök


Þessi hreyfing er ekki gömul. Upphaf hennar í Vestur-Evrópu má rekja til fundar utanríkisráðherra NATO í Brüssel í desember 1979. Þá var ákveðið að koma fyrir hartær 600 nýjum kjarnorkueldflaugum í Vestur-Evrópu. Við þessa ákvörðun fékk ótti Evrópubúa við kjarnorkuvopn nýjan byr í segl. Þeir óttast að lönd þeirra verði vígvöllur hernaðaráttaka risanna í austri og vestri, hernaðaráttaka sem þeir fá engu ráðið um, hernaðaráttaka sem munu gerð á öllu lífi í álfunni.

Þeir fóru að streyma út á göturnar til að mótmæla vitfirringu kjarnorkuvopnakkapphlaupsins. Fyrst þúsundum saman, svo tugþúsundum, loks þurfti að gripa til sex stafa talna til að koma tölu á þá. Borgir Vestur-Evrópu höfðu aldrei upplifað aðra eins fundi, og var þá sama hvort í hlut átti Róm eða Bonn, London eða Brüssel.

Bandaríska fríðarhreyfingin var seinni að taka við sér, enda brann áður nefnd ákvörðun utanríkisráðherranna ekki jafnheitt á þeim og íbúum Vestur-Evrópu. Þar vestra var fyrstu frjórkornum hreyfingarinnar sáð þegar Carter forseti neitaði að undirrita samkomulagið um takmörkun kjarnorkuvopna sem nefnt hefur verið SALT II. Viðgang hreyfingarinnar má þó fremur þakka eftirmanni hans, Ronald Reagan. Bandarískum almenningi hefur beinlínis blískrað stefna hans í fjármálum ríkisins sem gengur út á harkalegan niðurskurð félagslegrar þjónustu á sama tíma og útgjöld til hermála eru stórukin. Hann hefur hrint í framkvæmd eða hert á fjölda áætlaða aukna framleiðslu kjarnorkuvopna og allskonar tóla sem beiting þeirra krefst.

6.000 fundir — enginn árangur

Það sem fríðarhreyfingin á sameiginlegt, hvar sem er í heiminum — líka sá visir sem til er austan jártjalds — er vantraust á yfirlýsingum stjórnmálamanna og þjóðarleiðtoga um að þeir séu allir af vilja gerðir til að draga úr kjarnorkukapphlaupinu. Síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk hafa verið haldnir yfir 6.000 fundir um takmörkun kjarnorkuvopna. Á sama tíma hefur kjarnorkuvopnum fjölgað hratt og stöðugt. Nú er svo komið að báðir aðilar geta þurrkað út allt líf á yfirráðasvæði óvinarins mörgum sinnum.



Samt finnst þeim það ekki nóg, enn skal margföldun geryðingarmáttarins haldið áfram. Sovéttmenn hamast við að koma upp SS-20 eldflaugum sem bera kjarnaodda og beinast að Evrópu, Englendingar hafa uppi stór áform um að efla flota sinn af kjarnorkukafbátum, Frakkar halda ótrauðir áfram tilraunasprengingum á Kyrrahafi og Bandaríkin fjölga stöðugt hjá sér sprengjum, eldflaugum og flugvélum sem borið geta kjarnorkuvopn.

Það er gegn þessari þróun sem fríðarhreyfingin beitir sér. Hún treystir ekki lengur stjórnmálamönnum sem segjast elska fríðinn en hlaða upp vopnum.

Frysting vígbúnaðar

Bandaríska fríðarhreyfingin og sú evrópska eru um margt líkar, en ýmislegt greinir þær þó að. Eins og áður sagði leggur evrópska hreyfingin höfuðáherslu á að losa álfuna við kjarnorkuvopn sem stórveldin hafa komið þar fyrir eða beina að álfunni. Í þessu skyni hefur hreyfingin barist fyrir því að koma upp kjarnorkuvopnalausum svæðum í álfunni. Þar má benda á kröfuna um kjarnorkulaus Norðurlönd, annað svæði er Balkanlöndin, þriðja Níðurlönd og fjórða eyjarnar á Miðjarðarhafi. Lokaáfangi slíkrar þróunar yrði svo Mið-Evrópa, báðum megin jártjalds.

Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að koma þessum svæðum á. Fjöldagöngur, undirskriftarherferðir oph. hafa það að markmiði að þrýsta á stjórndendur ríkanna. Á Bretlandseyjum hefur verið farið inn á þá braut að borgar- og bæjarstjórnir sem stuðningsmenn fríðarhreyfingarinnar hafa meirihluta í hafa lýst viðkomandi borgir og bæi kjarnorkuvopnalausum svæði. Inn í þau mega aldrei koma kjarnorkuvopn, hvorki tímabundið né til langframa. Síðasta dæmið um þetta er þegar borgarstjórnin í London lýsti borgina kjarnorkuvopnalaus svæði að morgni 6. júní sl., sama daginn og 250 þúsund manns komu saman til fríðarfundar í Hyde Park.

Í Bandaríkjunum hefur fríðarhreyfingin sett á oddinn kröfu um að fyrsta skrefið í átt til afvopnunar verði „frysting“ á núverandi ástandi, þ.e. að stórveldin komi sér þegar í stað saman um að hætta allri framleiðslu á kjarnavopnum og meðfýgandi tólum, tilraunir með þau og dreifingu þeirra.

Þessi stefna hefur þegar fengið mikinn hljómgrunn, ekki bara meðal almennings. Í marslok hafði tillaga í þessa veru þegar hlotið stuðning 22 þingmanna í öldunga-deildinni og 150 í fulltrúadeildinni. Þetta eru fyrst og fremst þingmenn úr röðum demókrata en einn þingmaður úr hópi repúblikana, flokki forsetans, hefur lagt fram tillögu í öldunga-deildinni þar sem Reagan er hvattur til að bjóða Sovéttmönnum þegar í stað til viðræðna um afvopnunararmál. Og eins og áður sagði hefur Edward Kennedy, einn helsti leiðtogi demókrata, gert málstað fríðarhreyfingarinnar að sínum og má búast við að sum stefnumið hennar verði tekin inn á stefnuskrá flokksins á flokksþinginu sem haldið verður í sumar.

Upplýsingaherferð

Það sem hér hefur verið rakið er, ef svo má segja, andlit hreyfingarinnar, það sem snýr að fjölmiðlum heimsins. Þá er ótalið það starf sem unnið hefur verið meðal almennings í löndunum — og það er ekkert smærði. Talsmenn hreyfingarinnar hafa verið á stöðugum ferðum í því skyni að mæta á fundi hinna ýmsu hópa og samtaka, útskýra stefnu hreyfingarinnar og fræða almenning um kjarnorkukapphlaupið. Mikið starf hefur verið lagt í að afla upplýsinga um raunverulega stöðu stórveldanna í kapphlaupinu, kryfja herfræðikenningar til mergjar og greiða úr frumskógi talna sem herforingjar og starfsmenn hernaðarblokkanna hafa reyktað af mikilli natni síðustu 30 ár. Nú er svo komið að ef talsmenn NATO eða Varsjárbandalagsins opna munninn um vígstöðu blokkanna eru orð þeirra skilgreind, og metin á alla kanta. Með fulltingi óháðra fríðarrannsóknastofnana hefur fríðarhreyfingin komið sér upp þekkingu á raunverulegri stöðu hermála, áróður stórveldanna er ekki lengur einráður.

Í Bandaríkjunum hefur fólk úr ýmsum starfsstéttum og þjóðfélagshópum myndað

sérstök sem berjast gegn kjarnorkukapphlaupinu og kennir þar margra grasa. „Læknar með félagslega ábyrgð“, „Samtök lögfræðinga sem berjast fyrir takmörkun vígbúnaðar“, „Listamenn sem vilja lengja lífið“ o.s.frv. Meira að segja menn úr viðskiptaheiminum hafa bundist samtökum í þessu skyni. Það er athyglisvert vegna þess að hingað til hafa forystumenn atvinnulífsins talið vopnakkapphlaupið vera sér í hag, það auki framleiðsluna og styrki atvinnulífið. Nú hafa verið stofnuð samtök athafnamanna sem lita lengra frami tímann og falla ekki í freistingar stundargróðans.

Prestar og herforingjar

Sagt hefur verið að fríðarhreyfingin sé öflugasta og útbreiddasta fjöldahreyfing sem sprottið hefur upp amk. frá stríðslokum, og er þá sama hvort átt er við Vestur-Evrópu eða Bandaríkin. Og hún er öðruvísi en aðrar slíkar hreyfingar sem risið hafa undanfarna áratugi. Ef borið er saman við æskulýðsuppreisnina sem kennd er við árið 1968 þá var sú hreyfing að mestu leyti takmörkuð við ungt fólk, yfirleitt stúdenta og menntafólk.


Nú horfir öðruvísi við. Í fríðarhreyfingunni mætast allar kynslóðir og allar stéttir. Þar má að sönnu finna fólk sem tók á sínum tíma þátt í andöfinu gegn Vietnamstríðinu, en það er í minnihluta. Það hverfur innan um alla prestana, lögfræðingana, læknana, já jafnvel herforingjana. Fylgismenn nýju fríðarhreyfingarinnar eru jafnt úr röðum íhaldsmanna sem frjálslyndra og róttækra. Í bandarísku hreyfingunni má m.a. finna Noel Gayler, fyrrum sjóliðsforingja og forstjóra Þjóðaröryggisráðsins, nánasta ráðgjafahóps Bandaríkjaforseta í utanríkis-málum, Paul Warnke, fyrrum fulltrúa Bandaríkjanna í SALT II viðræðunum, gyðingarábbiann Alexander Schindler, leiðtoga hebresku kirkjunnar í Bandaríkjunum, aragrúa biskupa og presta úr röðum káþólikka, lúterstrúarmanna, prestbytera, kvekara o.s.frv...

Í Evrópu er sama uppi á teningnum. Þar hafa forystumenn Heimskirkjuráðsins verið áberandi í störfum hreyfingarinnar, þar eru menntamenn á öllum aldri með ýmsar skoðanir á stjórnmálum, stjórnmálamenn, verkalyðsleiðtogar o.s.frv. Fyrir utan alþýðufólk af öllum gerðum.

Skriðþunginn eykst

Þótt fríðarhreyfingin sé ekki orðin gömul hefur hún þegar að orúlega miklum árangri. Eins og áður sagði geta þjóðarleiðtogar og stjórnmálamenn ekki sniðgengið hana lengur, þótt þeir fegnir vildu. Eitt dæmi er þegar Helmut Schmidt bannaði þingmönnum í flokki sínum að láta sjá sig á fundi fríðarhreyfingarinnar í Bonn á sl. hausti þar sem voru 250 þúsund manns. 80 þingmenn, upp. Þriðjungur þingflokksins, virtu bannið að vettugi.

Hreyfingunni hefur tekist að koma kjarnorkumálunum á dagskrá með ótvíræðum hætti, jafnt á hefðbundnum vettvangi stjórnmálanna — á þjóðþingum og í fjölmiðlum — sem úti á meðal almennings — á almennum fundum, vinnustöðum, heimilum, skólum og sveitarstjórnum. Hún hefur skotið stjórnmálamönnum skel í bringu og eflt alþýðu manna kjark til að gera kröfu til stjórnmálamanna um að þeir hlusti á rödd almennings og beygi sig undir vilja hans. Og það sem meira er: áhrif hreyfingarinnar fara stöðugt vaxandi. Það er sem skriða fari yfir Evrópu og Bandaríkin og skriðþunginn eykst stöðugt.



Eftir Þröst Haraldsson

FRÍÐARHREYFINGIN

Hér á landi kom friðarhreyfingin eins og þverbiti inn í umræðuna um herstöðina í Keflavík og aðild Íslands að NATO — og Ísland var eins og þverbiti í friðarhreyfinguna, passaði hvorki inn í þá evrópsku né amerísku.

HÉRLendis

Tekst að búa hana til?

Eins og fram kemur á síðunni hér á móti kviknaði evrópska friðarhreyfingin upp af þeirri ákvörðun NATO að koma fyrir tæplega 600 nýjum eldflaugum í Vestur-Evrópu. Hér er um að ræða skammdrægar eldflaugar búnar kjarnaoddum, ætlaðar til árása á skotmörk í Austur-Evrópu og vesturhæruðum Sovétríkjanna.

Þau vopn sem Íslendingar þurfa að hafa áhyggjur af eru hins vegar langdrægari eldflaugar, einkum þær sem eru um borð í kafbátum kjarnorkuveldanna sem eru á sveimi um þá djúpu Atlantsála. Af þeim sökum vildi friðarhreyfingin á Norðurlöndum lengi vel ekki taka Ísland, Grænland og Færeyjar með í kröfuna um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Það var ekki fyrr en í vor sem það var samþykkt.

Hjakkad í gömlu fari

Þegar friðarumræðan berst hingað til lands eru það Samtök herstöðvaandstæðinga, Alþýðubandalagið og Þjóðviljinn sem harðast ganga fram í að kynna sjónarmið friðarhreyfingarinnar. Framsóknarflokkurinn tvísté, sumir forystumenn flokksins tóku undir málstað friðarhreyfingarinnar, aðrir voru honum andvígir og enn aðrir reyndu að fara bil beggja. Alþýðu- og Sjálfstæðisflokkur voru hins vegar svo til einhuga á móti því sem þeir nefndu „einhliða niðurskurð“ á kjarnorkuvigbúnaði Vesturlanda.

Þar með var friðarumræðan döttin inn í sama farið og herstöðvaandstæðan hefur hjakkad í undanfarin 35 ár. Linurnar skárust um Keflavíkurvegin ef svo má segja. Eitt afbrigði var þó hið hefðbundna stef: nokkrir kirkjunnar menn tóku upp málstað friðarhreyfingarinnar og gerðu að sínum. Voru þar fyrst og fremst yngri prestar á ferð með dr. Gunnar Kristjánsson í broddi fylkingar. Stóðu þeir að fundahöldum um friðarmál og helguðu eitt töluþlað Kirkjuritsins sama umræðuefni. Árangur þessa frumkvæðis mátti sjá á prestastefnu nú í vikunni, en þar var aðalumræðuefnið „Friður á jörðu“.

En er þetta eitthvað að breytast? Svo gæti virst ef lítið er á þann fjölmenna hóp ræðumanna sem á morgun ætla að ávarpa Reykvikina á samkomu sem Samtök herstöðvaandstæðinga efna til á Miklatúni. Þar er að finna ýmis nöfn sem ekki hafa verið algeng á fundum Samtaka herstöðvaandstæðinga fram til þessa: Arni Gunnarsson alþingismaður Alþýðuflokks, Guðmundur G. Þórarinnsson alþingismaður Framsóknarflokks, Guðrún Ólafsdóttir lektor og Magdalena Schram blaðamaður sem báðar voru framarlega í Kvænnaframbóði í vor.

Pétur Reimarsson formaður miðnefndar Samtaka herstöðvaandstæðinga sagði að samtökin hefðu sett upp ákveðin slagorð — „Gegn kjarnorkuvopnum“ og „Gegn kjarnorkuvigbúnaði“ — og leitað síðan til einstaklinga sem telja mátti líklegt að hefðu eitthvað jákvætt fram að færa um friðarmál.

„Við teljum baráttuna gegn kjarnorkuvopnakapphlaupinu svo yfirþyrmandi mikilvæga, ekki síst fyrir okkur Íslendinga sem erum umkringdir slíkum vopnum. Þetta er tilraun okkar til að samfyllja með fólki sem etv. er ekki sammála okkur um herstöðina og aðild Íslands að NATO en vill berjast gegn kjarnorkuvopnum. Slík baráttan er líka á okkar stefnuskrá“, sagði Pétur.

Á hvaða forsendum taka svo þessi „nýju andlit“ þátt í samkomunni á morgun? Guðrún Ólafsdóttir:

„Mínar forsendur eru almennur áhugi á friðarmálum. Eg tel nauðsynlegt að koma á fót sterkri friðarhreyfingu hérlandis og á breiðari grundvelli en verið hefur. Eg hef saknað þess að rödd Íslands skuli svo lítið hafa heyrst á erlendum vettvangi en vona að nú verði hún sterk.“

Mér hefur fundist friðarhreyfingin vera of einhliða og einskorðuð við Samtök herstöðvaandstæðinga fram að þessu. Eg er viss um að fjöldi fólks ma. á hægri væng stjórnmála og innan kirkjunnar hefur haldið að sér höndum vegna þess hve einhliða málflutningurinn hefur verið. Þess vegna gleðst ég yfir því að nú sé kominn fram vísir að breiðari friðarhreyfingu sem berst gegn hernaðarveldunum“, sagði Guðrún.

Arni Gunnarsson:

„Fyrst og fremst finnst mér það lífsnauðsynlegt að draga úr og stöðva vigbúnaðar- og kjarnorkukapphlaupið, það er mesta ógn sem að mannkyninu sjejar og ætti að vera næg ástæða til þess að taka þátt í friðarhreyfingunni. Þessi tvö kerfi, kapitalisminn og kommúnisminn, hafa engan einkarétt á að vasast með tilverurétt jarðarbúa, við hinir höfum líka leyfi til að leggja eitt hvað til málanna, við erum stór hluti mannkyns.“

Við stöndum núna frammi fyrir skiptingu heimsins milli tveggja kerfa sem eiga í skefjalausu vigbúnaðarkapphlaupi. Kaldastriðið er komið í algleyming aftur og stórveldin vinna þurkunarlaust að því að vinna lönd, Bandaríkin í Suður-Ameríku og Sovétríkin í Austur-Evrópu, Afganistan og víðar. Friðarhreyfingin gæti orðið þriðja aflíð sem stöðvaði þessa þróun. Þess vegna er mikilvægt að láta alla flokkapólitík lönd og leið“, sagði Arni.

„Hagsmunamál verkafólks“

Þótt Alþýðubandalagið sé oft nefnt verkafólksflokkur hafa leiðtogar verkafólksins ekki verið ýkja áberandi í baráttu herstöðvaandstæðinga, amk. ekki undanfarin ár. Nú er einn ræðumanna Benedikt Davíðsson formaður Sambands byggingarmanna. Á hvaða forsendum tekur hann þátt í friðarhreyfingu?

„Eg tel að það hljóti að vera verkafólshreyfingunni mikilvægt að við getum lifað áfram á þessari jörð. Verkafólk hefur mestra hagsmuna að gæta í því að ofríðarmenn fái ekki að ganga lausir. Þess vegna þarf verkafólshreyfingin að sinna friðarmálum hér á landi sem erlendis. Eg lit því á mig sem hagsmunagæslumann verkafólks.“

— Hafa friðarmál verið til umræðu innan verkafólshreyfingarinnar að undanförnu?

„Það hefur alltaf verið einhver umræða í gagni. Eg vil minna á að tvö síðustu Alþýðusambandsþing hafa ályktað um friðarmál. Það er því stefnumál ASI að vinna að útrýmingu herstöðva og að friðargæslumálum.“

— Erur forsendur fyrir því að skapa friðarhreyfingu hér á landi?

„Eg veit ekki hvað þyrfti að breytast til þess að svo mætti verða, etv. gæti breytt skipulag komið einhverju til leiðar. En það er mikil nauðsyn að breyta því ástandi að umræðan einskorðist við herstöðina hér“, sagði Benedikt.

„Tónninn að breytast“

Helgarpósturinn lagði sömu spurningu fyrir Pétur Reimarsson.

„Mér finnst tónninn vera að breytast mikið, bæði í Alþýðuflokki og Framsóknarflokki og jafnvel í Sjálfstæðisflokknum. Eg heyrði t.d. að á aðalfundi Læknafélagsins nú á dögum hafi tveir læknar úr rögum sjálfstæðismanna lagt fram tillögur um að læknar beittu sér fyrir einhverju andófi gegn kjarnorkukapphlaupinu. Þegar við skipulögðum þennan fund reyndum við að ná eins breiðum hópi og við gátum og leit- uðum til miklu fleiri en þeirra sem taka þátt, m.a. til tveggja sjálfstæðismanna en þeir sögðu báðir nei.“

Við erum heldur ekki úrkula vonar um að einhver úr hópi kirkjunnar manna láti í sér heyra á fundinum, það á eftir að koma í ljós.“

Arni Gunnarsson sagði að friðarhreyfing-

in hefði tekið miklum breytingum síðustu mánuði. „Eg fæ ekki betur séð en að þarna séu menn úr öllum flokkum. En við megum ekki gleyma því að á meðan fundir eru haldnir í New York og á Miklatúni eru menn handteknir og fangelsaðir fyrir austan tjald. Það þarf að koma hreyfingunni sem víðast.“

— Nú var Alþýðuflokkurinn ekkert alltof vinsamlegur í garð friðarhreyfingarinnar í vetur, hefur orðið stefnubreyting í flokknum?

„Við höfum aldrei verið ósammála því stefnumiði hreyfingarinnar að útrýma kjarnorkuvopnum, heldur frekar því hvernig að því skuli stæðið. Ef við tökum sem dæmi kröfuna um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd þá hef ég tekið þátt í nefndarstarfi á vegum Alþýðasambands jafnaðarmanna þar sem fjallað var um það mál. Þar höfum við jafnaðarmenn talið slíka kröfu vera hluta af kröfunni um kjarnorkuvopnalaus Evrópu, bæði í austri og vestri. Þessi skilningur hefur komið fram í máli allra leiðtoga jafnaðarmanna í Evrópu. Jafnaðarmönnum hefur stæðið ógn af því að lýsa einhliða yfir kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum meðan allt morar í kjarnorkuvopnum í kringum þau.“

En ég held að kjarni málsins sé að skapa þverpólitíska hreyfingu sem getur knúið stórveldin til samningaviðræðna og ýtt á eftir því að árangur verði af þeim viðræðum“, sagði Arni.

Hvað segja sjálfstæðismenn?

Eins og Pétur sagði þá reyndu samtökin að fá einhverja úr rögum sjálfstæðismanna til að flytja ávarp á fundinum, án árangurs. Helgarpósturinn leitaði til Björns Bjarnasonar blaðamanns á Morgunblaðinu og eins helsta talsmanns Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálum og spurði hann hver væri afstaða flokksins til friðarhreyfingarinnar. Hann sagðist ekki geta svarað því, þar sem óljóst væri hvers konar friðarhreyfing það væri sem stæði að fundinum á morgun, og hvort um friðarhreyfingu væri að ræða. Visaði hann til greinar sem hann ritaði í Morgunblaðið sl. miðvikudag.

Greinin sem Björn vitnar til er ritdómur hans um bók bandarísku öldungadeildarmannanna Edward Kennedy og Mark O. Hatfield. Í þeirri bók fjalla þeir um það stefnumið sitt og bandarísku friðarhreyfingarinnar að „frysta“ kjarnorkuvopnabú stórveldanna eins og þau eru í dag og leggja þann við tilraunum og framleiðslu nýrra vopna og vopnakerfa. Björn segir ma.:

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, að þeir hér á landi, sem telja öryggi lands og þjóðar best borgið með því að rjúfa varnarsamstarfið við vestrænar þjóðir, hafa undanfarin mánuði látið eins og málstaður þeirra eigi samleið með þeim, sem Edward Kennedy og Mark Hatfield hafa gerst málsvavar fyrir á þingi Bandaríkjanna. Jafnframt hefur það vafalaust vakið athygli fleiri en þess, sem þetta ritar, að í umræðum um baráttu samherjanna í út- löndum, hafa innlendir aðilar meira fjallað um fjöldann á fundunum í Bonn, London og New York en þau sjónarmið, sem þar eru kynnt. Eftir að hafa lesið bók þeirra Kennedys og Hatfields er þögnin um boðskapinn skiljanlegri en áður, því að þingmennirnir boða síður en svo þá einhliða afvopnun, sem felst í kröfunni: Ísland úr NATO! Herinn burt!“

Svo mörg voru þau orð og ansi lítil sáttapæfur af þeim. Það virðist því ætla að verða einhver bið á því að Sjálfstæðisflokkurinn og Samtök herstöðvaandstæðinga gangi í eina säng undir merkjum friðarhreyfingarinnar, amk. ef Björn fær nokkru þar um ráðið. Þá er þeirri spurningu ósvarað hvort sjálfstæðismönnum tekst að einangra Samtökin frá öðrum andstæðingum kjarnorkukapphlaupsins — eða öfugt.



Pétur Reimarsson — fann enga sjálfstæðismenn.



Björn Bjarnason — enginn sátta- tónn.



Benedikt Davíðsson — gætir hagsmuna verkafólks.



Guðrún Ólafsdóttir — saknar Ís- lensku raddarinnar.



Arni Gunnarsson — vill afnema einkarétt kommúnista og kapital- ista.